



Ný sveitarstjórn kjörin í Svalbarðsstrandarhreppi

Sveitarstjórnarkosningar voru haldnar laugardaginn 31. maí s.l. Á kjörskrá voru 287 einstaklingar, þ.a. 155 karlar og 132 konur. Kjörsókn var um 61%. Einn seðill var auður og þrír ógildir.

Eftirtaldir aðilar náðu kjöri í sveitarstjórn:

Sveitarstjórnarfulltrúar

Ólafur Rúnar Ólafsson, Laugartúni 2
Valtýr Þór Hreiðarsson, Sunnuhlíð
Guðfinna Steingrimsdóttir, Litla-Hvanntúni 2
Eiríkur Haukur Hauksson, Vaðlabbyggð 15
Halldór Jóhannesson, Smáratúni 1

Varamenn

1. Anna Karen Úlfarsdóttir, Klöpp
2. Sigurður Halldórsson, Laugartúni 10
3. Inga Margrét Árnadóttir, Þórisstöðum
4. Jakob Björnsson, Laugartúni 6a
5. Þóra Guðrún Hjaltadóttir, Móafelli

Til íbúa Svalbarðsstrandarhrepps

Þeir íbúar í Svalbarðsstrandarhreppi sem gefa kost á sér til setu í nefndum sem skipa þarf í eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Ólaf R. Ólafsson í síma 892-6076 eða á netfangið olafur@kjarnafoedi.is

Upprekstur á afrétt

Í sumar verður heimilt að sleppa sauðfé í Vaðlaheiði frá og með 20. júní og stórgripum frá og með 1. júlí. Búfjáreigendur eru beðnir að gæta að ástandi gróðurs í heiðinni áður en þeir sleppa fé sínu og fresta upprekstri ef ástæða er til. Eigendur stórgripa eru minntir á það að stórgripum skal smalað fyrir lok október. Einnig skal á það minnt að ekki má leyfa utansveitarmönnum að nota ógirt heimalönd eða afrétt til upprekstrar nema að fenginni heimild sveitarstjórnar, sbr. ákvæði 7. gr. fjallskilasamþykktar.

Viðhald fjallsgirðingar

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps minnir landeigendur á ábyrgð þeirra varðandi viðhald girðinga. Landeigendur skulu hafa lokið viðgerðum á fjallsgirðingunni þannig að hún sé fjárheld áður en fé er sleppt í heiðina þ.e. fyrir 20. júní. Mjög mikilvægt er að fjallsgirðingunni og þeim girðingum sem ætlað er að halda búfé í beitarrólfum sé vel við haldið. Sveitarstjórn minnir jafnframt á að lausaganga búfjár er bönnuð á vegstæðum þjóðbrauta innan fjallgirðinga í Svalbarðsstrandarhreppi. Búfjáreigendum ber að halda búfé sínu innan girðinga, þannig að það komist ekki í annarra manna lönd eða út á vegsvæði.

Frá ferðasjóði 8.-10. bekk Valsárskóla

Ferðasjóður hefur til sölu 48 wc-rúllur á 6.500 kr. og 15 eldhúsrúllur á 3.500 kr. Hafa má samband við Þórdísi Jóhannsdóttur í síma 849-4035 eða heima hjá henni í Laugartúni 4.

Æskan

Sumarstarf Æskunnar hafið!

Friðisípróttæfingar verða tvisvar í viku í sumar, á þriðjudögum 13:30-14:30 og á fimmtudögum 16:30-17:30. Allir velkomnir og vegna höfðinglegs styrks frá Kjarnafæði þarf félagið ekki að innheimta félagsgjöld þetta sumarið.

Þjálfarar eru Þórunn Erlingsdóttir og Eir Starradóttir. Allar upplýsingar á heimasíðu félagsins: aeskan.umse.is.

F.h. stjórnar: Starri Heiðmarsson

Skógræktarfélag Svalbarðsstrandar

Aðalfundur Skógræktarfélags Svalbarðsstrandar fyrir árin 2012-2013 var haldinn 30. maí s.l. Fór fundurinn vel og friðsamlega fram, enda var hann fámennur en góðmennur. Félagsmenn sem ekki áttu heimangengt að þessu sinni, en hafa áhuga á að starfa áfram í félaginu eru góðfúslega beðnir um að senda tölvupóst á netfang Skógræktarfélagsins, strandarskogu@gmail.com

Þar sem Skógræktarfélagið vinnur nú einnig að því að uppfæra félagatal sitt, eru félagsmenn beðnir um að senda upplýsingar um netföng sín á netfang félagsins.

Plöntuúthlutun til félagsmanna síðan mun fara fram eftir 19. júní í Gróðrarstöðinni Réttarhóli.

Stjórnin.

Kirkjan

Þönglabakkamessa 27. júlí kl. 14.00. Sr. Kristján Valur Ingólfsson messar. Kirkjukórar prestakallsins syngja undir stjórn Petru og Dagnýjar organista Laufássprestakalls. Skipið Húni siglir frá Akureyri og Grenivík og bókanir fara fram hjá bolli@laufas.is. Dásemdar og dýrðarinnar stundir í ákaflega fagurri náttúru. Verið velkomin!

Sumarkvöldstund í Laufáskirkju 24. ágúst kl. 20.00. Óskar Pétursson syngur björt og blíð lög eins og honum einum er lagið við undirleik Petru Bjarkar Páldóttur. Sr. Bolli verður með hugleiðingarorð. Þetta er sameiginleg sumarstund fyrir Svalbarðsókn og Laufáss-og Grenivíkursókn en annars eru allir hjartanlega velkomnir!

Sumarleyfi sóknarprests verður sem hér segir: 22.júní-10.júlí og 3.-11. ágúst.

Guð gefi gott og blessað sumar!

Fréttir frá Álfaborg.



Sumarið hefur held sér yfir okkur eins og aðra landsmenn undanfarið og við höfum svo sannarlega notið þess. Þegar sólin skín og vindurinn hemur sig er gott að fara úr fötunum og viðra tærnar. Við höfum sulað og smíðað til skiptis undanfarna daga og haft það gott.

Rétt fyrir mánaðarmótin síðustu þá útskrifuðum við krummana þar sem Marinó var að flytja frá okkur. Það er alltaf skrútið og svolítið erfitt að kveðja krakkana sem hafa verið hjá okkur í nokkur ár sérstaklega þegar þau eru að flytja í annan landshluta eins og verður með tvö þeirra. Það verða því bara tvö börn sem fara í Valsárskóla í haust.

Sundið gengur vel og allir eru farnir að fleyta sér. Köfunin og stungurnar ganga stórvel og allir eru kátir. Hluti þessarar kennslu tekur einnig til þess að klæða sig í og úr, snúa fötunum rétt og hengja fötin sín upp. Þvo sér í sturtunni og komast í sundfötin sjálfur og svo þurrka sér og klæða og muna eftir öllu áður en lagt er af stað niður í leikskóla þar sem þarf svo að taka upp úr töskunni og hengja á snúru svo þetta verði nú þurrtt þegar farið er af stað daginn eftir.

Þann 19. júní stefnir í verkfall hjá leikskólakennurum. Það gengur hægt að fá samninganefnd sveitarfélaga til að sættast á það að við sem kennum yngstu börnunum séum kennarar eins og þau sem kenna eldri börnum og því krefjumst við sambærilegra launa enda er nám leikskólakennara jafnlangt og grunnskólakennara og ca. 70-80% sama námið. Þá verður leikskólinn lokaður þar sem starfandi skólastjóri og deildarstjóri eru báðar í FL. En við vonumst til að samningar náist þannig að ekki þurfi að beyta verkfalls-vopninu.

Sumarfrí hefst svo 7. júlí en þangað til munum við njóta lífsins hér í Álfaborg.

Kveðja frá Valsárskóla

Nú er skólastarfi í Valsárskóla lokið þetta skólaárið. Veturinn gekk mjög vel þó hann hafi hvorki verið átakalaus, hefðbundinn né laus við erfiðar ákvarðanir. Það er hluti af því að læra og þroskast að



takast á við breytingar, að breyta mistökum sínum í sigra og halda áfram með jákvæð og uppbyggileg markmið.

Í vetur hefur miklum tíma verið eytt í að ræða við nemendur um hegðun og framkomu. Margir nemendur hafa lagt mikla vinnu í að velta fyrir sér hvernig þeir geta bætt fyrir mistök sín og snúið neikvæðri hegðun í jákvæða. Í mínum huga eru þeir nemendur sigurvegarar vetrarins. Þeir hafa skorað sjálfan sig á hólm og sumir unnið fullan sigur. Stundum er sagt að stærstu og erfiðustu orrusturnar séu þær sem við eigum við okkar eigin skapferli og venjur – ég held að það sé margt til í því. Sigur í slíkum orrustum kostar mikinn viljastyrk en er jafnframt mikils virði.

Í uppeldisstefnu skólans „Uppeldi til ábyrgðar“ felast þau skilaboð að sterkastur sé sá sem reynir að bæta fyrir mistök sín, læra af þeim og finna leiðir til að gera betur í framtíðinni.

Að vera nemandi í fámennum skóla hefur marga kosti. Nemendur hafa meiri aðgang að kennurum og kennarar geta sinnt hverjum og einum nemanda betur. Nemendur þjálfast í samskiptum við ólíka einstaklinga og læra þannig að meta ólíka kosti þeirra sem kannski eru ekki mjög líkir þeim sjálfum. Með því að kenna nemendum með því að leita að því skemmtilega, nýja og góða í öðru fólki gerum við ekki bara grunnskólagönguna farsælli heldur leggjum við grunn að víðsýni og hugmyndaauðgi sem er mikilvægt öllum í nútímasamfélagi.

Mikilvægast af öllu er að nemendum líði vel í skólanum, gott samstarf sé milli heimilis og skóla og nemendur þroskist í farsæla átt. Það er einnig mjög mikilvægt að náminu sé sinnt vel því góður árangur í grunnskóla léttir áframhaldandi nám og gerir það árangursríkara. Í ár var tekin upp sú nýbreytni að veita viðurkenningu fyrir hæstu meðaleinkunn í 10. bekk. Þá viðurkenningu hlaut að þessu sinni Egill Vagn Sigurðarson og vona ég að verðlaun eins og þessi verði honum og öðrum hvatning til að gera enn betur á næsta ári.

Fyrir hönd starfsfólks Valsárskóla þakka ég ykkur öllum samveruna í vetur og óska ykkur alls hins besta á komandi sumri.

Inga Sigrún Atladóttir, skólastjóri Valsárskóla

Safnasafnið

Nú standa yfir 12 nýjar sýningar í Safnasafninu, og var opnun þeirra sem fyrr í tengslum við Alþjóðlega safnadaginn 18. maí.

Á neðri hæð eru 38 dýrmæt grafíkverk eftir Pieter Holstein í Amsterdam sem hann gaf safninu 2012 og 2014; smáskúlptúrar um bankahrúnið eftir Yngva Örn Guðmundsson í Hafnarfirði; ný nálgun á lífi og liststarfi Leós Antons Árnasonar á Selfossi, sem kallaði sig *Ljón norðursins*; persónuleg tjáning í tré eftir börnin Leikskólanum Álfaborg og Valsárskóla á Svalbarðseyri, og kynning á gömlum brúðuhúsum sem gefin voru af Unu Margréti Jónsdóttur í Reykjavík og fjölskyldunni á Einhóli, Svalbarðsströnd.

Á efri hæð er sýning á mannamyndum eftir Guðmund Sveinbjörn Másson á Seltjarnarnesi sem gaf safninu 140 pappírsmýndir eftir sig árið 2012; útsaumuð og hekludu verk eftir Arndísi Kristínu Sigurbjörnsdóttur í Hafnarfirði; flugvélar úr ýmsum efnum eftir höfunda af báðum kynjum, þar á meðal Einar Baldursson á Sólheimum; þar er einnig sýning sem fjallar um konur í ýmsum hlutverkum eftir myndhöggvarana Helga Valdimarsson í Garði, Ragnhildi Stefánsdóttur og Sigrúnu Guðmundsdóttur í Reykjavík; og pappírverk eftir 6 menn sem vinna verk sín í listasmíðjum á Bjarkarási og Myndlistarskólanum í Reykjavík, þá Ásgeir Ísak Kristjánsson, Inga Hrafn Stefánsson, Ragnar Mátta Ottósson, Sigurð Reyni Ármannsson, Kolbein Magnússon og Snorra Ásgeirsson.

Stjórn safnsins setur svip sinn á sýningarnar með uppsetningu og þátttöku í nokkrum þeirra; hugmynd þeirra var að leggja áherslu á þá bjartsýni og gleði sem ríkir í starfsemi safnsins og beina sjónum manna að margvíslegum hugmyndum, fínlegum útfærslum, björtum litum og léttu yfirbragði, en um leið að vekja athygli á alvarlegri hliðum tilverunnar.

Safnasafnið er opið daglega frá kl. 10.00–17.00 alla daga til 31. ágúst, en tekið á móti hópum í september eftir atvikum. Safnið gefur gestum sínum veitingar, glæsilega sýningarskrá og einstaka upplifun af skemmtitækjakynningu í anddyri. Upplýsingar eru veittar í síma 461 4066 og safngeymsla@simnet.is og frásagnir eru á facebook.

Næstu rusladagar

26. júní - Almennt sörp

3. júlí - Endurvinnsla

10. júlí - Almennt sörp

Bókasafn

Bókasafnið er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 15. júlí.

Litið um öxl

Frétt þessi birtist í Morgunblaðinu þann 4. júlí 1984:

500 þús. kr. gjöf til skógræktarstarfs

Akureyri, 2. júlí.

Jón Benediktsson, fyrrverandi yfirlögregluþjónn á Akureyri, afhenti í dag stjórn Skógræktarfélags Svalbarðsstrandar fimm hundruð þúsund krónur að gjöf fyrir sína hönd og systkina sinna, sem eru enn sex á líffi ásamt Jóni, aðeins eitt þeirra innan áttæðs og þrjú komin yfir nífrætt.

Gjöf þessi er gefin til minningar um foreldra þeirra systkina, Sesselju Jónatansdóttur og Benedikt Jónsson, sem bjuggu lengi á Breiðabóli, eða allt frá árinu 1893 til dauðadags.

Skal skógræktarfélagið ávaxta gjöfina óskerta en verja árlega vöxtum af upphæðinni til skógræktar á Svalbarðsstönd fyrstu 10 árin, en að því loknu er heimild til þess að nýta vextina einnig til hvers þess sem félagið telur heppilegt til februnar sveitarinnar.

Jón Benediktsson var spurður hvers vegna þessi höfðinglega gjöf væri til komin: “Á Íslandi virðist áhugi almennings fara ört vaxandi á því að klæða landið skógi og vonandi verður hinn nýi skógargróður laus við hættu af súru regni og annarri ólyfjan, sem nú er að eyðileggja skógargróður víða erlendis. Hingað komu á dögumum erlendir menn til að líta á aðstæður hér við fjörðinn. Ekki kæmi mér á óvart, þó þessir aðkomumenn hafi hugsað með fyrirlitningu til þeirra heimamanna, sem nú vilja klessa niður álveri skammt frá Akureyri, í blómlegri landbúnaðarsveit, við innanverðan þröngan en fiskisælan fjörð. Slíkt myndu þeir aldrei þola heima fyrir. Landslag á Íslandi er dásamlegt. Loftið tandurhreint og fljót og firðir lausir við mengun. Þetta er að verða séreign okkar og hana eigum við að varðveita sem lengst.” Meira vildi Jón ekki láta hafa eftir sér varðandi gjöfina - og kannski ekki ástæða til.

Stjórn Skógræktarfélags Svalbarðsstrandar veitti gjöfinni viðtöku á heimili Jóns, og við það tækifæri sagði formaður félagsins, Ólafur Jónsson, m.a.: “Þessi stórhöfðinglega gjöf virkar ábyggilega eins og vítamínsprauta á íbúa héraðsins og skógræktarfolk almenn þarna. Starfsemi félagsins hefur því miður legið að mestu niðri undanfarin ár, en ég efa ekki að þetta verður til þess að þróttmikið starf verður unnið á næstu árum í þessum efninum, og raunar sjást þess merki, því eftir að kvissaðist út um gjöf þessa hefur þegar vaknað almennur áhugi í sveitinni til þess að hrinda af stað öflugu skógræktarstarfi. Við stöndum í ákaflega mikill þökk við Jón Benediktsson og systkini hans og ég vona að við verðum menn til að standa undir nafni í þessum efninum.”

GBerg

Morgunblaðið, 150. tbl. (04.07.1984), bls. 5
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=1595694